

Stykkishólmsbær
Kristín Þorleifsdóttir
Hafnargötu
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 1.2.2022
UST202112-255/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Súgandisey- Stykkishólmsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Súgandisey í Stykkishólmi.

Í greinargerð kemur fram að megin markmið skipulagsins er tvíþætt, annars vegar að skapa ramma utan um svæði fyrir útivistarfólk til göngu- og náttúruupplifunar og hins vegar að tryggja öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir göngustígum, áningarstöðum, bekkjum, lýsingu, sorpílátum og upplýsingaskiltum.

Sorpílát

Umhverfisstofnun telur ruslatunnur óþarfar á svæðinu og bendir stofnunin á að reynslan hefur sýnt að með fleiri ruslatunnum eykst úrgangur á svæðunum. Umhverfisstofnun leggur til að sorpílát verði einungis, við innganginn inn á svæðið, við bílastæðið, en ekki á eyjunni sjálfri.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur